



Vinnureglur

Úthlutun framlaga á grundvelli a-liðar 3. gr. reglugerðar um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nr. 280/2021

1. gr.

Úthlutun framlaga

Umsóknir um sérstök framlög úr Fasteignasjóði skv. 3. gr. reglugerðar nr. 280/2021 skulu berast Jöfnunarsjóði ásamt fullnægjandi gögnum eigi síðar en 31. desember 2022.

Jöfnunarsjóður tekur afstöðu til umsókna eftir því sem þær berast og gerir tillögu til ráðherra um úthlutanir að fenginni umsögn ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Jöfnunarsjóður veitir vilyrði fyrir sérstöku framlagi sem veitt er á grundvelli 3. gr. og er framlagið greitt út þegar framkvæmdum er lokið.

2. gr.

Framlög veitt til þjónustusvæða

Sveitarfélög innan þjónustusvæða skulu standa saman að umsóknum til þess að tryggja að framlög gagnist notendum á svæðinu með sem jöfnustum hætti.

3. gr.

Forgangur framlaga

Umsóknir um framlög úr Fasteignasjóði skal meta með hliðsjón af hagkvæmni, tilgangi og nauðsyn fyrirhugaðra framkvæmda og er ráðgjafarnefnd heimilt að mæla með því við ráðherra að hann synji úthlutun framlaga í heild eða að hluta.

Gæði umsókna skulu að öðru leyti metin út frá lýsingu á þeim framkvæmdum sem ætlunin er að fara í. Vel skilgreind verkefni njóta forgangs við úthlutun.

4. gr.

Skipting framlags á þjónustusvæði

Tryggja ber eftir föngum breidd í úthlutun þannig að tryggt sé að sem flest þjónustusvæði njóti framlaga innan tímabilsins sem framlög eru veitt. Ráðgjafarnefnd getur ákveðið að hluti úthlutunarfrjármagns sé ákvarðaður tilteknum þjónustusvæðum, sbr. viðauka, enda séu skilyrði um gæði umsókna uppfyllt.

Ráðgjafarnefnd getur horfið frá skiptingu framlaga skv. 1. mgr. ef ljóst þykir að umsóknir um heildarframlög frá tilteknum þjónustusvæðum eru lægri en sem nemur því úthlutunarfrjármagni sem áætlað var til svæðanna, sbr. viðauka.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra
1. júlí 2021



Sigurður Ingi Jóhannsson



VIÐAUKI

Dæmi um ákvörðun fjármagns til þjónustusvæða

	Hlutfall almennra framlaga	Hlutfall framlaga vegna innviða	Föst greiðsla	Jöfnunarsjóður	Fjármagn sveitarfélaga	Samtals	Hluttur Js.sv.fél.
Akraneskaupstaður	2,6%	0,0%	3.000.000	9.572.960	9.572.960	19.145.921	50,00%
Akureyrarbær og nágrenni	10,6%	2,7%	3.000.000	31.020.904	31.020.904	62.041.809	50,00%
Austurland	2,2%	7,3%	3.000.000	11.735.220	11.735.220	23.470.440	50,00%
Borgarbyggð	0,7%	4,8%	3.000.000	6.784.365	6.784.365	13.568.730	50,00%
Fjalla- og Dalvíkurbyggð	1,7%	3,4%	3.000.000	8.899.646	8.899.646	17.799.292	50,00%
Garðabær	3,2%	0,0%	3.000.000	10.976.878	10.976.878	21.953.756	50,00%
Grindavíkurbær	0,6%	0,0%	3.000.000	4.490.933	4.490.933	8.981.867	50,00%
Hafnarfjarðarkaupstaður	7,7%	0,0%	3.000.000	22.450.281	22.450.281	44.900.562	50,00%
Sveitarfélagið Hornafjörður	0,6%	0,0%	3.000.000	4.620.205	4.620.205	9.240.410	50,00%
Hvalfjarðarsveit	0,2%	0,0%	3.000.000	3.383.733	3.383.733	6.767.466	50,00%
Kópavogsbær	5,9%	0,0%	3.000.000	17.951.419	17.951.419	35.902.838	50,00%
Mosfellsbær og Kjósarhreppur	6,0%	0,0%	3.000.000	18.047.095	18.047.095	36.094.191	50,00%
Norðurþing	1,9%	7,0%	3.000.000	10.869.837	10.869.837	21.739.674	50,00%
Reykjanesbær	3,7%	0,0%	3.000.000	12.355.586	12.355.586	24.711.172	50,00%
Reykjavíkurborg	35,5%	9,8%	3.000.000	97.089.672	97.089.672	194.179.344	50,00%
Seltjarnarnesbær	1,0%	0,0%	3.000.000	5.483.472	5.483.472	10.966.944	50,00%
Snæfellsnes	0,7%	5,9%	3.000.000	7.336.193	7.336.193	14.672.386	50,00%
Suðurland	8,0%	26,5%	3.000.000	35.131.081	35.131.081	70.262.161	50,00%
Suðurnesjabær	1,0%	3,1%	3.000.000	6.957.169	6.957.169	13.914.338	50,00%
Sveitarfélagið Skagafjörður	3,0%	10,8%	3.000.000	15.275.198	15.275.198	30.550.395	50,00%
Vestfirðir	2,5%	18,6%	3.000.000	17.623.700	17.623.700	35.247.401	50,00%
Vestmannaeyjar	0,8%	0,0%	3.000.000	4.944.451	4.944.451	9.888.902	50,00%
	100,0%	100,0%	66.000.000	363.000.000	363.000.000	726.000.000	